

Skólastefna

Sveitarfélagsins Skagastrandar

Skólastefnan var samþykkt á fundi fræðslunefndar, 27. júní 2011 og staðfest af sveitarstjórn Skagastrandar, 10. október 2011.

Hlutverk

Hlutverk grunnskóla og leikskóla á Skagaströnd er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi í samvinnu við heimilin. Þeir skulu hafa lýðræði, umburðarlyndi, lífsgleði og víðsýni að leiðarljósi í öllum sínum störfum.

- Skólarnir eiga að stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.
- Skólastarf skal einkennast af gagnkvæmri virðingu og velliðan allra.
- Skólarnir eiga að veita nemendum jafngild tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni.
- Skólastarf skal leggja grundvöll að sjálfstæðri, skapandi hugsun og samstarfshæfni nemenda.

Framtíðarsýn

Metnaður og framsækni verði einkenni skólasamfélagsins á Skagaströnd. Skólarnir skapi kjörumhverfi til náms í góðu samstarfi við heimilin og grenndarsamfélagið, þar sem nemendur öðlist þroska og menntun við hæfi.

- Nemendur verði vel undir framtíðina búnir, með góða bóklega, verklega og félagslega menntun.
- Skólagangan sé heildstæð og skólastig tengist saman með þarfir nemenda að leiðarljósi.
- Nemendur hafi ánægju af námi, beri virðingu hver fyrir öðrum og séu öruggir í heilbrigðu og framsæknu skólaumhverfi.
- Við skólana starfi hæfileikaríkt og vel menntað starfsfólki í hvetjandi starfsumhverfi.
- Nemendur, starfsfólk og foreldrar geti verið og séu stoltir af skólum sínum.

Nám og kennsla

Menntun við hæfi hvers og eins

Skólarnir skulu stuðla að fjölbreytni í náms- og kennsluháttum sem leiði til árangurs með því að;

- móta sér stefnu um árangur þar sem lögð er áhersla á að námsframvinda hvers nemanda sé í samræmi við getu hans og þroska,
- skapa svigrúm til þess að nemendur geti stundað nám á eigin hraða,
- stuðla að samstarfi skóla um námslega og félagslega þætti,
- stuðla að samstarfi grunn- og framhaldsskóla um nám í einstökum áföngum,
- bjóða fjölbreyttar valgreinar sem tengja nám, atvinnulíf og samfélag,

- þróa sveigjanlega kennsluhætti með áherslu á fjölbreytt vinnubrögð, sköpun, samvinnu og frumkvæði,
- kenna námstækni og þjálfa nemendur í að beita henni,
- unnið verði samkvæmt jafnréttisstefnu í skólunum,
- starfsfólk og nemendur skólanna tileinki sér fjölmenningsleg viðhorf,
- kennsluaðferðir taki mið af áhugasviði og stöðu hvers og eins,
- nemendaverndarráð starfi við hvern skóla.

Námsmat

Skólarnir noti fjölbreyttar leiðir við námsmat sem nýtist markvisst til leiðsagnar, með því að;

- námsmarkmið séu nemendum og foreldrum ljós,
- kennarar noti fjölbreyttar leiðir til að meta stöðu og þroska nemenda,
- greinandi próf og mat á námsstöðu séu nýtt með markvissum og reglubundnum hætti,
- árangur og vinnubrögð í námi og starfi, verði metin og endurskoðuð reglulega.

Ástundun, félagsfærni, ábyrgð og skyldur,

Í öllu skólastarfi skal leggja áherslu á að auka félagsfærni nemenda og hæfni þeirra til sjálfstæðis í ákvarðanatökum og skapandi hugsunar með því að;

- nemendur setji sér markmið og árangursviðmið,
- nemendur meti eigin árangur,
- nemendur starfi samkvæmt einstaklingsáætlun sem þeir gera í samstarfi við kennara og foreldra,
- samskipta- og umgengnisreglur séu skýrar,
- nemendur beri ábyrgð á náminu og taki virkan þátt í mótun skólafélags.

Starfsumhverfi

Heimabyggð, nánasta umhverfi, umhverfismál

Stefna ber að því að nemendur skólanna verði fróðir um náttúrufar, umhverfi, sögu og menningu Skagastrandar með því að;

- grenndarkennsla sé tengd við almennt nám,
- leitað verði leiða til að nám fari að hluta til fram utandyra,
- möguleikar menningar-, lista- og vísindastofnana, séu nýttir til náms,
- móta sér umhverfisstefnu með markmið í anda Staðardagskrár 21.

Velliðan, velferð og öryggi

Í öllu skólastarfi skal stuðla að heilbrigði skólabarna, jafnt andlegu, félagslegu sem líkamlegu með því að;

- vinna eftir lífsleikniáætlun sem allir taka þátt í,
- gefa nemendum og starfsfólki kost á hollri máltíð á starfstíma skólans,
- fylgja leiðbeiningum Lýðheilsustöðvar,
- almenn hreyfing og útivist séu hluti námskrár,
- eineltisáætlun sé fylgt,
- vináttutengsl innan hópa og milli aldurstiga séu ræktuð með skipulegum hætti,
- forvarnarstefna sé mótuð og henni fylgt eftir,
- áfallaáætlun sé mótuð og henni fylgt eftir.

Samfelldur skóladagur, fjölbreytni og samstarf stofnana

Stefna skal að því að samfella verði í starfsemi skóla, skólastiga, skólagerða og æskulýðsfélaga með því að;

- samráð verði haft um skipulag skólastarfs og frístundastarfs,
- yngri nemendur eigi kost á heilsdagsvistun alla virka daga,
- efla samvinnu og tengingu skóla við íþróttá- og æskulýðsfélög, menningarstofnanir og atvinnulíf,
- nýta skólahúsnæði til frístundastarfsemi nemenda,
- skapa tengsl við listastofnanir, menningar- íþróttá- og æskulýðsfélög,
- skapa nemendum og eldri borgurum tækifæri til samstarfs.

Menntun starfsfólks

Stefna skal að aukinni menntun, þekkingu og hæfni starfsfólks með því að;

- styðja og hvetja starfsmenn til menntunar,
- styðja markvisst við nýliða í starfi með leiðsögn og handleiðslu,
- hafa starfsmannaviðtöl reglulega,
- hafa samráð milli skólastiga um endurmenntun starfsmanna
- hvetja til frumkvæðis starfsmanna,
- starfsmenn taki þátt í mótun starfs og stefnu skólanna,
- starfsmenn taki þátt í sjálfsmati skólanna,
- virkja og nýta sérþekkingu starfsmanna,
- gerðar séu áætlanir um þá þætti sem þarf að efla í menntun starfsmanna.

Ánægja, öryggi og vellíðan starfsmanna

Stefna skal að því að auka ánægju, öryggi og vellíðan starfsmanna með því að;

- skapa góða vinnuaðstöðu og vinnuumhverfi starfsmanna,
- móta starfsmannastefnu fyrir skólana,
- skipurit fyrir starfseminna sé endurskoðað reglulega,
- starfslýsingar séu til fyrir alla starfsmenn skólanna,
- styðja og hvetja starfsmenn til líkamsræktar og heilbrigðra lífnaðarháttá,
- skapa sem bestan starfsanda,
- skólarnir séu búnir góðum kennslutækjum og áhöldum og tryggð sé eðlileg endurnýjun þeirra,
- skólarnir séu gerðir hlýlegir og vistlegir,
- forgangsraða viðhaldsverkefnum til lengri tíma,
- rýmingaráætlanir fyrir skólana séu í reglubundinni endurskoðun,
- þjálfa starfsfólk og nemendur reglulega í fyrstu hjálpi og viðbrögðum við hættu,
- áhættumat sé gert fyrir skólana á Skagaströnd.

Samskipti

Samstarf heimila og skóla,

Stefna skal á aukna virkni foreldra til þátttöku í námi og starfi barna sinna með því að;

- foreldrasamstarf sé skilgreint í skólanámskrám,
- leita markvisst eftir mati foreldra á skólastarfi,
- foreldrar taki þátt í markmiðasetningu barna sinna og mati á árangri,

- hafa gott samstarf við foreldra um stuðning við heimanám,
- gagnkvæm og virk upplýsingamiðlun verði á milli heimila og skóla,
- heimasíður skólanna séu upplýsandi og foreldraráð/skólaráð geti nýtt þær til upplýsingagjafar,
- fjölbreyttar leiðir séu farnar í foreldrasamstarfi.

Mat á skólastarfi og samstarf skólastiga

Stefna skal að auknu samstarf skólastiga og að mat á skólastarfi nýtist til að tryggja þróun og umbætur með því að;

- nota innra og ytra mat til að greina, meta og þróa starf skólanna,
- nýta reglulega ráðgjöf og ytri úttektir
- tryggja upplýsingastreymi milli skólanna,
- huga sérstaklega að aðstæðum þegar nemendur flytjast milli skóla og/eða skólastiga,
- skilgreina áherslur í samstarfi í skólanámskrám,
- leggja áherslu á samvinnu um símenntun,
- samræma skóladagatöl,
- stjórnendur skólanna hafi samráðsfundi að minnsta kosti tvisvar á ári

Skólarnir og Fræðsluskrifstofa A-Hún.

Markmið skólanna á Skagaströnd um samstarf við Fræðsluskrifstofu A-Hún eru að;

- styðja fjölskyldur nemenda við uppeldi og menntun þeirra,
- gefa forráðamönnum nemenda kost á fræðslu, ráðgjöf og stuðningi,
- greiður aðgangur sé að fagfólki og upplýsingum um úrræði,
- taka þátt í samstarfi þeirra sem koma að málefnum einstakra barna og málefnum barna almennt,
- að styðja faglegt starf skólastjórna og starfsmanna,
- veita kennurum og öðru starfsfólki ráðgjöf,
- tryggja skilvirkar greiningar og ráðgjöf viðeigandi sérfræðinga,
- stuðla að þróun í skólastarfi með leiðsögn, námskeiðum og fyrirlestrum,
- hafa yfirsýn yfir þá endur- og símenntun sem starfsmönnum skólanna býðst og stuðla að því að sem flestir geti nýtt sér fræðsluna,
- að fylgjast með gæðum skólastarfs og stuðla að leiðum til að auka þau,
- veita ráðgjöf vegna innra og ytra mats,
- vinna markvisst úr upplýsingum svo sem sjálfsmati, niðurstöðum samræmdra prófa og öðrum upplýsingum sem nýtast til eflingar skólastarfs.

Endurskoðun stefnunnar.

Skólastefnu þessa skal fræðslunefnd endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti.